

Svar

fjármálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um skattgreiðslur fyrirtækja og einstaklinga.

1. *Hvernig hefur tekjuskattshlutfall félaga breyst hér á landi samanborið við önnur ríki OECD á síðasta áratug?*

Í eftirfarandi töflu kemur fram hvernig tekjuskattshlutfall félaga hefur breyst síðastliðinn áratug í helstu aðildarríkjum OECD, eða frá árinu 1989 til 2001. Rétt er að hafa þann fyrirvara við þennan samanburð að skatthlutfallið eitt og sér segir ekki alla söguna um skattbyrði af viðkomandi skatti.

Tekjuskattshlutfall fyrirtækja í nokkrum OECD-löndum.

	1989, %	2001, %
Kanada	43	42
Japan	59	42
Ítalía	46	40
Belgía	43	40
Bandaríkin	34	40
Þýskaland	56	39
Lúxemborg	34	38
Frakkland	39	35
Portúgal	40	35
Holland	40	35
Spánn	35	35
Ástralía	39	34
Austurríki	30	34
Nýja Sjáland	33	33
Danmörk	50	30
Ísland	50	30
Bretland	35	30
Svíþjóð	52	28
Noregur	51	28
Finnland	50	28
Sviss	10	25
Írland	43	20

2. *Hvert er heildartekjuskattshlutfall á rekstrarhagnað félaga, þ.e. tekjuskattur félags að viðbættum skatti á eigandann við úttekt á arði, hér á landi og samanborið við önnur ríki OECD?*

Efnahags- og framfarastofnunin í París (OECD) safnar reglubundið saman upplýsingum um skattareglur og skattaviðmiðanir í aðildarríkjunum. Í eftirfarandi töflu kemur fram hvernig einstök ríki skattleggja rekstrarhagnað félaga annars vegar og arðgreiðslur hins vegar miðað við tekjuárið 2000. Þessar tölur einar og sér sýna þó sjaldnast samanlagða raunskattlagningu félags og eigenda þess þar sem í gildi eru mjög mismunandi reglur um frádráttarbærni

arðs, ýmist í hendi félagsins eða eigandans. Þeim er því einungis ætlað að gefa almenna mynd af skattlagningu hagnaðar, en engar nýlegar rannsóknir liggja fyrir um eiginlega raunskattlagningu hagnaðar svo vitað sé.

Skattlagning hagnaðar í helstu aðildarríkjum OECD.

	Tekjuskattur lögaðila, %	Skattlagning arðgreiðslna, %
Austurríki	34	25
Ástralía	34	36
Bandaríkin	40	40
Belgía	40	15
Bretland	30	33
Danmörk	30	25
Finnland	28	29
Frakkland	35	33
Holland	35	25
Írland	20	24
Ísland	30	10
Ítalía	40	13
Japan	42	35
Kanada	42	22
Lúxemborg	38	25
Noregur	28	28
Nýja Sjáland	33	33
Portúgal	35	25
Spánn	35	29
Sviss	25	35
Svíþjóð	28	20
Þýskaland	39	48

Heimild: OECD og KPMG.

3. Hve mörg fyrirtæki greiða tekjuskatt hér á landi, hvernig skiptast þau eftir atvinnugreinum og skattumdæmum árin 1999–2001 og hver er tekjuskattur fyrirtækja þessi ár sem hlutfall af þjóðarframleiðslu?

Í eftirfarandi töflu frá embætti ríkisskattstjóra koma fram upplýsingar um fjölda þeirra fyrirtækja (einstaklingsrekstur ekki meðtalinn) sem greiða tekjuskatt, tekjuskattsgreiðslur og skiptingu þeirra eftir skattumdæmum, enn fremur um heildarfjölda skattskyldra lögaðila. Hins vegar liggja ekki fyrir upplýsingar um skiptingu þeirra eftir atvinnugreinum, en í skýrslu nefndar um verðbólgu-reikningsskil er að finna töflur sem gefa allgóða hugmynd um þessa skiptingu fyrir rekstrarárin 1998 og 1999. Þessi skýrsla birtist í heild sinni sem fylgiskjal I með frumvarpi til laga um breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt o.fl. sem nú liggur fyrir Alþingi (þskj. 114, 114. mál).

Tekjuskattur lögaðila 1999–2001.

Miðað við framtalsár	Skattumdæmi										
	Reykja- vík	Reykja- nes	Vestur- land	Vest- firðir	land vestra	Norður- land eystra	Norður- land eystra	Austur- land	Suður- land	Vest- manna- eyjar	Landið allt
<i>1999</i>											
Tekjuskattur, millj. kr.	6.778	1.828	151	109	74	400	105	203	61	9.709	
Fjöldi tekjuskattsgreiðenda	3.235	1.321	207	196	129	450	156	238	72	6.004	
Fjöldi skattskyldra lögaðila	7.167	2.950	626	513	395	1.082	578	671	204	14.186	
<i>2000</i>											
Tekjuskattur, millj. kr.	7.417	1.757	148	101	102	387	115	256	35	10.318	
Fjöldi tekjuskattsgreiðenda	3.867	1.523	217	225	135	513	139	332	80	7.031	
Fjöldi skattskyldra lögaðila	7.961	3.347	673	549	428	1.146	748	623	214	15.689	
<i>2001</i>											
Tekjuskattur, millj. kr.	6.225	1.730	153	133	108	343	99	322	28	9.140	
Fjöldi tekjuskattsgreiðenda	4.015	1.691	266	216	156	581	169	363	79	7.536	
Fjöldi skattskyldra lögaðila	8.582	3.830	732	594	471	1.227	647	816	234	17.133	

Heimild: RSK.

Eftirfarandi tafla sýnir tekjuskatt fyrirtækja sem hlutfall af þjóðarframleiðslu fyrir árin 1991–2000, en í fylgiskjali er að finna upplýsingar um opinber gjöld lögaðila 1991–2000.

Tekjuskattur lögaðila sem hlutfall af landsframleiðslu 1991–2000.

Ár	Tekjuskattur lögaðila	Landsframleiðsla	Hlutfall, %
1991	3.970	368.475	1,1
1992	4.209	399.248	1,1
1993	3.934	400.417	1,0
1994	4.249	412.039	1,0
1995	5.133	438.822	1,2
1996	5.195	451.372	1,2
1997	6.076	483.965	1,3
1998	7.592	524.136	1,4
1999	9.709	579.286	1,7
2000	10.318	623.419	1,7

4. Hverjar eru skattgreiðslur fyrirtækja annars vegar og einstaklinga hins vegar á árunum 1999–2001:

a. sem hlutfall af heildarsköttum,

b. sem hlutfall af þjóðarframleiðslu?

Óskað er einnig eftir samanburði á þessum efnisþáttum við skattlagningu einstaklinga og fyrirtækja innan annarra ríkja OECD.

5. Hvert er hlutfall heildarskattlagningar á tekjur af atvinnurekstri annars vegar og laun hins vegar hér á landi og samanborið við önnur ríki OECD á árunum 1997–2001?

Eftirfarandi tafla sýnir áætlaða skiptingu skattgreiðslna milli fyrirtækja og einstaklinga á tímabilinu 1999–2001, sem og hlutfall þeirra af þjóðarframleiðslu. Síðan kemur tafla sem sýnir hlutfallslega sundurliðun á skatttekjum hins opinbera fyrir OECD-löndin í heild árið 1998 þar sem ekki liggur fyrir nýrra uppgjör frá stofnuninni.

Skipting á skattgreiðslum milli fyrirtækja og einstaklinga 1999–2001.

	1999	2000	2001
Skattgreiðslur einstaklinga sem % af skatttekjum	83,0	82,6	83,0
Skattgreiðslur fyrirtækja sem % af skatttekjum	17,0	17,4	17,0
Skattgreiðslur einstaklinga sem % af VLF	25,0	24,6	23,7
Skattgreiðslur fyrirtækja sem % af VLF	5,1	5,2	4,9

Sambærileg sundurliðun á skiptingu skatta fyrir önnur OECD-lönd liggur ekki fyrir en næsta tafla sýnir sundurliðun á skatttekjum hins opinbera fyrir OECD-löndin í heild árið 1998. Mikilvægt er að gera greinarmun á tekjum hins opinbera í heild og skatttekjum ríkis-sjóðs þar sem hlutur sveitarfélaga getur verið mismunandi eftir löndum.

Hlutfallsleg skipting skatttekna hins opinbera í OECD-löndum 1998.

	Tekjuskattur einstaklinga	Tekjuskattur lögaðila	Tryggingargjald og aðrir launaskattar	Eignarskattar	Skattar á vöru og þjónustu
Austurríki	22,5	4,8	40,3	1,3	27,9
Ástralía	43,3	15,2	6,6	9,5	25,5
Bandaríkin	40,5	9,0	23,7	10,6	16,2
Belgía	30,7	8,5	31,5	3,2	24,9
Bretland	27,5	11,0	17,6	10,7	32,6
Danmörk	51,6	5,6	3,9	3,6	33,2
Finnland	32,3	9,0	25,2	2,4	30,7
Frakkland	17,4	59,0	39,5	7,3	26,6
Grikkland	13,2	6,4	32,3	3,8	41,0
Holland	15,2	10,6	39,9	4,9	27,7
Írland	30,9	10,7	13,8	5,2	38,7
Ísland	35,2	3,4	8,3	7,1	45,9
Ítalía	25,0	7,0	29,5	4,8	27,4
Japan	18,8	13,3	38,4	10,5	18,8
Kanada	38,5	10,0	15,8	10,4	24,7
Kórea	20,1	12,2	11,4	11,4	40,5
Lúxemborg	18,8	19,7	25,6	8,4	26,1
Mexíkó	29,5		18,0		51,3
Noregur	27,3	9,7	23,3	2,4	37,2
Nýja Sjáland	41,8	10,9	0,9	5,7	36,0
Portúgal	17,1	11,6	25,5	2,9	41,3
Pólland	22,0	7,5	33,1	3,0	34,4
Spánn	20,8	7,3	35,2	6,0	29,4
Sviss	31,8	6,0	35,7	8,3	18,2
Svíþjóð	35,0	5,7	33,5	3,7	21,6
Tékkland	13,6	9,7	44,1	1,5	31,0
Tyrkland	27,0	5,8	14,3	2,8	35,7
Ungverjaland	16,8	5,6	36,2	1,6	39,0
Þýskaland	25,0	4,4	40,4	2,4	27,4
OECD í heild	27,1	8,9	25,6	5,4	31,3
ESB	25,6	8,7	28,9	4,7	30,2

Fylgiskjal.**Opinber gjöld lögaðila 1991–2000, millj. kr.**

	1991*	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000
Tekjuskattur	3.970	4.209	3.934	4.249	5.133	5.195	6.076	7.592	9.709	10.318
Fjármagnstekjuskattur**	-	-	-	-	-	-	-	65	40	1.160
Eignarskattar alls	1.366	1.363	1.344	1.455	1.614	1.727	1.959	2.087	2.149	2.454
þar af almennur eignarskattur	1.130	1.128	1.113	1.204	1.335	1.429	1.622	1.727	1.779	2.031
þar af sérstakur eignarskattur	236	235	232	251	278	298	338	360	371	423
Iðnlánasjóðs- og iðnaðarmálagjald***	212	228	200	212	233	232	276	118	175	181
Markaðsgjald/útflutningsráðsgjald****	86	95	81	152	139	125	109	118	0	-
Markaðsgjald		0	0	152	139	125	109	118	0	
Útflutningsráðsgjald	86	95	81	0	0	0	0	0	0	
Tryggingagjald	0	7.826	8.222	8.419	9.320	9.882	11.906	12.575	14.681	16.392
þar af staðgreiðsla	0	7.824	8.215	8.416	9.319	9.880	11.900	12.575	14.681	16.391
þar af gjaldfallið 1. ágúst	0	2	7	3	1	2	6	0	0	1
Rekstrargjald										
Aðstöðugjald	4.201	4.482	4.166	-	-	-	-	-	-	-
Búnaðargjald								0	33	106
Þróunarsjóðsgjald		0	0	0	73	63				
Skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði	417	369	398	0	0	0	0	0	0	0
Kirkjugarðsgjald	63	68	63							
Önnur gjöld*****	480	437	461	0	73	63	-	-	-	-
Samtals	10.315	18.641	18.408	14.487	16.510	17.223	20.327	22.555	26.787	30.612
Alls									26.754	30.506

* Tryggingagjald var tekið upp árið 1992 og kom það í staðinn fyrir ýmis önnur gjöld, svo sem launaskatt. Þar sem launaskattur er ekki innifalinn í álagningartölum fyrir árið 1991 er heildarálagning ekki sambærileg milli ára 1991 og 1992.

** Greiddur af lögaðilum sem undanþegnir eru tekjuskatti og eignarskatti, sbr. lög nr. 75/1981.

*** Iðnlánasjóðsgjald var lagt niður við álagningu 1998.

**** Markaðsgjald er nú lagt á með tryggingagjaldi.

***** Önnur gjöld eru skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði, kirkjugarðsgjald og þróunarsjóðsgjald.

Heimild: RSK.